

**Reykjavík 23. október 2023**

**Berist til: Mennta- og barnamálaráðuneytis**

**Umsögn frá skólamálanefnd Félags grunnskólakennara**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu**

**Mál nr. 238**

**Almennt:**

Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin sjái nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum. Framboði á námsefni á íslensku eru verulega ábótavant og hefur verið um nokkurn tíma. Ekki telst skýrt í texta frumvarps né í greinargerð hvernig eigi að bæta þá stöðu sem nú þegar er til staðar þegar kemur að framboði á námsgögnum. Skólamálanefnd leggur til að málinu sé ekki frestað heldur unnið markvisst að því að bæta þá stöðu sem nú er til staðar.

4. gr.

*Verkefni.*

Verkefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu eru m.a. að:

- a. styðja, efla og samhæfa menntun, skólaþjónustu og annað skólastarf um land allt, m.a. með almennri og sérhæfðri fræðslu,
- b. sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að vera falið, **(enn þykir óljóst hvernig standa á að framleiðslu námsgagna því sbr. lið 3.3. í greinargerð er verkefnið ekki í forgangi sem er synd því mikil þörf er á faglegrri og samræmdri útgáfu námsgagna hér á landi. Kennarar verja miklum tíma í að útbúa og aðlaga námsefni sjálfir því ekki er í boði nothæft námsefni í öllum fögum.)**
- c. byggja upp og halda utan um aðferðir og úrræði fyrir skóla sem styðja við skólastarf og skólaþjónustu, þar á meðal gæðaviðmið, verkferla, verkfæri, matstæki og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum,
- d. styðja við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna, þ.m.t. menntastefnu og aðalnámskráa.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu forgangsraðar verkefnum með hliðsjón af þörfum hverju sinni undir yfirstjórn ráðherra.

**Virðingarfyllst, skólamálanefnd Félags grunnskólakennara**

Kolbrún Guðmundsdóttir formaður

Kristín Björnsdóttir

Guðbjörg Íris Atladóttir

Árný Jóna Stefánsdóttir

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Pollý Rósa Brynjólfssdóttir

Þórey Björk Hjaltadóttir